

## **90. fundur stjórnar HÖFÐA hjúkrunar- og dvalarheimilis haldinn 19. nóvember 2018 kl. 16.30**

Fundinn sátu:

Elsa Lára Arnardóttir formaður  
Kristjana Helga Ólafsdóttir varaformaður  
Björn Guðmundsson  
Helgi Pétur Ottesen  
Guðmunda Maríasdóttir fulltrúi starfsmanna  
Kjartan Kjartansson framkvæmdastjóri

Fyrir var tekið:

**1) Vistunarmál**

Samþykkt vistun fyrir þrjá einstaklinga, sjá trúnaðarbók.

**2) Viðburðaryfirlit**

Lagt fram viðburðaryfirlit fyrir tímabilið 29. október til 18. nóvember 2018.

**3) Fjárhagsáætlun 2019**

Samkvæmt framlagðri áætlun fyrir árið 2019 er gert ráð fyrir að rekstrartekjur Höfða nemi 996,5 mkr. og rekstrargjöld án fjármagnsliða og afskrifta nemi 974,2 mkr. Afskriftir nema 26 mkr. og fjármagnsliðir nema nettó 14,6 mkr. Tap af rekstri nemi 18,4 mkr. Handbært fé frá rekstri nemi 9,7 mkr., fjárfestingahreyfingar nemi 123,3 mkr. og fjármögnunarhreyfingar nemi 127,5 mkr. Hækkan á handbæru fé nemur 14 mkr. og að handbært fé í árslok verði 134,1 mkr. Lögð fram til seinni umræðu ásamt greinargerð framkvæmdastjóra og samþykkt.

**4) Fjárhagsáætlun 2020-2022**

Lögð fram og samþykkt.

**5) Endurskoðun á ferlum og reglum varðandi lyfjamál**

Framkvæmdastjóri lagði fram greinargerð Steinunnar Sigurðardóttur varðandi yfirferð á ferlum og reglum varðandi lyfjamál.

Stjórn Höfða þakkar Steinunni fyrir vinnu hennar við yfirferðina og felur framkvæmdastjóra útfærslu á tillögum til breytinga.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:00

Elsa Lára Arnardóttir  
Kristjana H. Ólafsdóttir  
Helgi Pétur Ottesen  
Guðmunda Maríasdóttir

Björn Guðmundsson  
Vélin Vélinsson